



Fjölbrautarskóli Snæfellinga

Fundargerð 54. fundar skólanefndar.

Dagsetning: miðvikudagur 6. júní 2011.

Viðstaddir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Björg Ágústsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður skólanefndar setti fund.

Dagskrá:

1. Staða innritunar – ársnemar. Vorönnin skilaði 180 ársnemum. Fjárframlög gera ráð fyrir 205 ársnemendum árið 2011. Miðað við fjölda umsókna virðumst við ná ársnema fjölda á haustönn.
2. Námsframboð haust 2011. Í boði verður grunndeild í bygginga- og málmíðngreinum í samvinnu við FVA á Akranesi. Verktækni grunnnáms er verklegt nám sem fer að stærstum hluta fram við FSN í samstarfi við grunnskóla Grundarfjarðar og fyrirtæki í Grundarfirði. Þriðjungur verklega áfangans verður kenndur í lotu á Akranesi. Ákveðið var að reyna að leita að styrkjum til þess að stemma stigu við kostnað við uppihald og ferðir. Öryggis- og þjónustubraut hefur verið samþykkt í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og verður kennd á haustönn 2011. Þetta er tveggja ára námsbraut í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.
3. Efnisgjöld. Nemendur í verknámi þurfa að greiða 20.000 kr. efnisgjald.
4. Skilgreining á hugtökum m.t.t. stöðu nemenda. Dagskólanemendur, dreifnemendur og frjáls mæting sem er nýtt. Fullorðnir nemendur sem mæta mjög reglulega og fylgja algjörlega námsmati dagskólanemenda geta fengið *frjálsa mætingu* með leyfi námsráðgjafa og skólameistara. Dreifnemendur geta búið hvar sem er og þurfa ekki að koma í FSN. Þeir geta farið í lokapróf.
5. Gjaldtaka fyrir dreifnám. Innritunargjöld munu verða 10.750 kr. fyrir dreifnemendur og til viðbótar 10.000 kr. fyrir hvern áfanga.
6. Starfsmannamál – staða ráðningarferlis. Búið er að ráða dönskukennara, enskukennara, félags- og sálfræðikennara. Ekki er búið að ráða í 50% stöðu í stærðfræði. Ekki er búið að ráða deildarstjóra á Vestfjörðum.
7. Launalaust leyfi. Starfsmaður hefur beðið um launalaust leyfi í eitt ár sem skólanefnd samþykkti.
8. Samningur um skólaakstur. Þrjú tilboð bárust í skólaaksturinn, frá Bílar og fólk ehf, Hópferðamiðstöðinni Trex og Svani Kristóferssyni. Tilboð Svans var lægst



Fjölbrautarskóli Snæfellinga

og var því tekið. Samningurinn er til fjögurra ára og hægt er að framlengja um ár tvisvar sinnum.

9. Drög að skóladagatali sem búið er að fara fyrir kennarafund. Dagatalið er komið á heimasíðu skólans. Fyrirhugað er að fara í námsferð í haust til Finnlands.
10. Framhaldsdeildin á Patreksfirði. Ekki er búið að skrifa undir samning en starfsemi verður með sama sniði og síðustu ár.
11. Samstarf um dreif-/fjarnám. Skólar á Austurlandi, Vesturlandi, Tröllaskaga og Selfossi huga að samstarfi um fjarnám án gjaldtöku.
12. Skólasamningur er tilbúinn til undirritunar.
13. Önnur mál.
 - Fjarnámsbraut í umhverfis- og auðlindabraut í samstarfi við Nýheima á Höfn hefur fengið styrk. Brautin mun væntanlega fara af stað næsta haust undir stjórn Halldórs Árnasonar Nýheimum á Höfn.

Fundi slitið kl. 17:20.